

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

679. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 24. janúar 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Starfshópur um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.-Leó Örn Þorleifsson.
2. Málefni Brunavarna Húnaþings vestra.
3. Bréf Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytisins.
4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

1. Starfshópur um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Leó Örn Þorleifsson, oddviti mætti á fundinn og gerði grein fyrir fyrsta fundi starfshópsins, sem haldinn var 14. janúar s.l. á Hvammstanga.
2. Málefni Brunavarna Húnaþings vestra. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir viðræðum sem þeir hafa átt við slökkviliðsstjóra Brunavarna Húnaþings vestra.
3. Lagt fram til kynningar bréf Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytisins dags. 17. janúar s.l. um takmörkun veiða með dragnót úti fyrir Ströndum. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við tillöguna.
4. Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12. janúar s.l. vegna skila á samningsumboði gagnavart SFR stéttarfélagi í almannajónustu. Byggðarráð samþykkir að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð til kjarasamningsgerðar við SFR.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:15

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

